

Phonak Audéo™ L-R/RT.

Notendahandbók

Phonak Audéo L-R
Phonak Audéo L-RT
Phonak Audéo L-R Trial
Phonak Audéo L-RT Trial
Phonak Charger Ease



Þessi notendahandbók gildir fyrir:

Práðlaus heyrnartæki  **Aukabúnaður fyrir** 
0459 **hleðslu**

Phonak Audéo L90-R

Phonak Audéo L70-R

Phonak Audéo L50-R

Phonak Audéo L30-R

Phonak Audéo L20-R

Phonak Audéo L90-RT

Phonak Audéo L70-RT

Phonak Audéo L50-RT

Phonak Audéo L30-RT

Phonak Audéo L-R Trial

Phonak Audéo L-RT Trial

Phonak Charger Ease

Athugaðu að hægt er að finna leiðbeiningar um eiginleika fyrir aðgerðarakningu í notendahandbók myPhonak.



Upplýsingar um heyrnartækið þitt og hleðslutæki

- ❶ Ef ekki er hakað í neinn reit, og þú veist ekki af hvaða tegund heyrnartækið þitt eða aukabúnaður fyrir hleðslu er, skaltu spyrja heyrnarsérfræðinginn.
- ❶ Heyrnartækin sem lýst er í þessari notendahandbók eru með innbyggðar litíumjónahleðslurafhlöður sem ekki er hægt að fjarlægja.
- ❶ Lestu einnig öryggisupplýsingar um meðhöndlun á heyrnartækjum með hleðslurafhlöðu (kafli 25).

Gerðir heyrnartækja

- Audéo L-R (L90/L70/L50/L30/L20)
- Audéo L-RT (L90/L70/L50/L30)
- Audéo L-R Trial
- Audéo L-RT Trial

Hlustarstykki

- Dome
- SlimTip
- cShell

Aukabúnaður fyrir hleðslu

- Phonak Charger Ease með USB-snúru (< 3 m)

Heyrnartækin þín og hleðslutækin eru þróuð af Phonak, sem er leiðandi fyrirtæki í heyrnarlausnum, með höfuðstöðvar í Zürich, Sviss.

Þessar gæðavörur eru afrakstur áratuga rannsókna og sérþekkingar og hannaðar með þarfir notenda í huga. Við þökkum þér fyrir að hafa valið rétt og vonum að þú eigir eftir að njóta góðrar heyrnarupplifunar um mörg ókomin ár.

Vinsamlegast lestu notendahandbókina vandlega til að tryggja að þú skiljir og fáiir sem mest út úr heyrnartækinu þínu. Þú þarft ekki þjálfun til að nota heyrnartækið. Heyrnarsérfræðingur aðstoðar þig við uppsetningu heyrnartækisins í samræmi við óskir þínar við mátunina. Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn eða fulltrúa framleiðanda til að fá frekari upplýsingar um eiginleika, ávinning, uppsetningu, notkun, viðhald eða viðgerð á heyrnartækinu og aukabúnaði. Einnig er hægt að fá viðbótarupplýsingar á upplýsingablaði vörunnar.

Phonak - lífið heldur áfram
www.phonak.com

Efnisyfirlit

Heyrnartækið þitt og hleðslutæki

1. Stuttur leiðarvísir 7
2. Íhlutir heyrnartækis og hleðslutækis 9

Notkun hleðslutækis

3. Hleðslutækið undirbúið 12
4. Heyrnartækin hlaðin 13

Notkun heyrnartækis

5. Merkingar vinstra og hægra heyrnartækis 17
6. Heyrnartækið sett í eyrað 18
7. Heyrnartækið fjarlæggt 19
8. Fjölnota hnappur 20
9. Kveikt og slökkt 21
10. Snertistýring 22
11. Yfirlit yfir tengingar 23
12. Fyrsta pörun 24
13. Símtöl 26
14. Flugstilling 31
15. Heyrnartækið endurræst 34
16. Yfirlit yfir myPhonak-forritið 35
17. Yfirlit yfir Roger™ 36

Frekari upplýsingar

18. Hlustað á almannafæri (valfrjálst)	37
19. Skilyrði fyrir notkun, flutning og geymslu	38
20. Umhirða og viðhald	40
21. Skipt um mergsíu	43
22. Þjónusta og ábyrgð	54
23. Upplýsingar um samræmi	56
24. Upplýsingar og lýsing á táknum	63
25. Úrræðaleit	70
26. Mikilvægar öryggisupplýsingar	76

1. Stuttur leiðarvísir


Heyrnartækin hlaðin

- ❶ Mælt er með því að hlaða heyrnartækið í þrjár klukkustundir áður en það er notað í fyrsta skipti.


Þegar heyrnartækið er sett í hleðslutækið mun gaumljósið á heyrnartækinu sýna hleðslustöðu rafhlöðunnar þar til það er fullhlaðið. Þegar það er hlaðið að fullu mun gaumljósið lýsa stöðugt, þ.e. með stöðugu grænu ljósi.



Merkingar hægra og vinstra heyrnartækis




Rauð merking fyrir
hægra heyrnartæki.



Blá merking fyrir
vinstra heyrnartæki.

Fjölnota hnappur með gaumljósi

Hnappurinn stýrir nokkrum aðgerðum en aðalvirkni hans er sem rofi til að kveikja/slökkva. Þú getur ákveðið í samráði við heyrnarsérfræðinginn hvort þú viljir einnig nota hann til að stjórna hljóðstyrk og/eða skipta um kerfi. Þetta kemur fram í sérstökum leiðbeiningum með tækinu.



Símtöl: Ef heyrnartækin eru pörðuð við síma með Bluetooth® er hægt að svara símtali með því að ýta stutt á hnappinn eða hafna símtali með því að ýta lengur á hann.

Kveikt/slökkt: Ýttu ákveðið á neðri hluta hnappsins í þrjár sekúndur þar til gaumljósið byrjar að blikka.

Kveikt: gaumljósið logar stöðugt í grænum lit

Slökkt: gaumljósið logar stöðugt í rauðum lit

Stílt á flugstillingu: Þegar slökkt er á heyrnartækinu skal ýta á neðri hluta hnappsins í sjö sekúndur þar til appelsínugula ljósið birtist og logar stöðugt. Þá má sleppa hnappinum.

Snertistýring (aðeins í boði fyrir gerðir L90 og L70)

Ef heyrnartækið er parað við tæki sem styður Bluetooth® er hægt að fá aðgang að mörgum aðgerðum í gegnum snertistýringuna, sjá kafla 10. Þetta kemur einnig fram í sérstökum leiðbeiningum með tækinu. Pikkaðu tvisvar efst á eyrað til að nota snertistýringu.

2. Íhlutir heyrnartækis og hleðslutækis

Eftirfarandi myndir sýna þá gerð heyrnartækis og aukabúnaðar fyrir hleðslutæki sem lýst er í þessari notendahandbók. Þú getur fundið út þína gerð með því að:

- skoða „Upplýsingar um heyrnartækið þitt og hleðslutæki“ á blaðiðu 3.
- bera saman hlustarstykkinn, heyrnartækið og hleðslutækið þitt við eftirfarandi gerðir.


Hlustarstykki í boði



Dome




SlimTip




cShell


Audéo L-R/RT

Audéo L-R/RT Trial




Phonak Charger Ease






Ytri aflgjafi



USB-snúra (< 3 m)




Aflgjafi*

* Aflinnstunga fylgir ekki með vörinni.

3. Hleðslutækið undirbúið

Aflgjafi tengdur



Hægt er að nota Phonak Charger Ease með ytri aflgjafa sem uppfyllir tæknilýsingarnar í töflunni hér að neðan

- a) Stingið stærri enda hleðslunúrunnar í aflgjafann.
- b) Stingið smærri endanum í USB-tengið á hleðslutækinu.
- c) Stingið aflgjafanum í samband við rafmagn.
- d) Gaumljósið nálægt USB-tenginu kviknar í grænum lit þegar hleðslutækið er tengt við rafmagn.

Tæknilýsing fyrir aflgjafa og hleðslutæki

Inntaksspenna aflgjafa	100-240 VAC, 50/60 Hz, straumur 0,25 A
Úttaksspenna aflgjafa	5 VDC +/-5%, straumur 1 A
Inntaksspenna hleðslutækis	5 VDC +/-5%, straumur 250 mA
Tæknilýsing fyrir USB-snúru	5 V lágm. 1 A, USB-A til USB-C, hámarks lengd 3 m

4. Heyrnartækin hlaðin

- ① Lítil hleðsla: Tvö hljóðmerki heyrast þegar lítil hleðsla er eftir á heyrnartækinu. Þá hefur þú u.þ.b. 60 mínútur þar til þú þarft að hlaða heyrnartækin, þau slökkva sjálfkrafa á sér að þeim tíma liðnum (tíminn getur verið mismunandi eftir stillingum heyrnartækja).
- ① Heyrnartækin eru með innbyggða litíumjónahleðslurafhlöðu sem ekki er hægt að fjarlægja.
- ① Mælt er með því að hlaða heyrnartækið í þrjár klukkustundir áður en það er notað í fyrsta skipti.
- ① Heyrnartækið verður að vera þurrð þegar það er hlaðið, sjá kafla 18.
- ① Gættu að því að heyrnartækið sé hlaðið innan notkunarhitasviðs:
Audéo L R / RT: +5° til +40° Celsíus (41° til 104° Fahrenheit)


4.1 Notkun Phonak Charger Ease

Upplýsingar um uppsetningu hleðslutækis eru í kafla 3.

1.

Settu heyrnartækin í hleðsluraufarnar og hlustarstykkinn í stóra hólfíð.

Gættu að því að vinstri og hægri merkingar heyrnartækjanna samsvari vinstri (blátt) og hægri (rautt) merkingunum við hlið hleðsluraufanna. Heyrnartækin slökkva sjálfkrafa á sér þegar þau eru sett í hleðslutækið.







2.

Gaumljósið á heyrnartækinu sýnir hleðslustöðu rafhlöðunnar þar til það er fullhlaðið. Þegar heyrnartækið er hlaðið að fullu mun gaumljósið lýsa með stöðugu grænu ljósi.

Hleðslan hættir sjálfkrafa þegar rafhlöðurnar eru fullhlaðnar svo óhætt er að skilja heyrnartækin eftir í hleðslutækinu. Það getur tekið allt að þrjár klukkustundir að hlaða heyrnartækið. Loka má hleðslutækinu meðan á hleðslu stendur.

Hleðslutími

Gaumljós	Hleðslustaða	Áætlaður hleðslutími
	0–10%	
	11–80%	30 mín. (30%) 60 mín. (50%) 90 mín. (80%)
	81–99%	
	100%	3 klst.

3.

Takið heyrnartækin upp úr hleðslutækinu til að losa þau úr hleðsluraufunum.

Hægt er að stilla heyrnartækin þannig að þau kveiki sjálfkrafa á sér þegar þau eru tekin úr hleðslutækinu. Gaumljósið byrjar að blikka. Stöðugt grænt ljós gefur til kynna að heyrnartækið sé tilbúið til notkunar.

Ef hleðslutækið er tekið úr sambandi á meðan heyrnartækið er í hleðslu skal gæta þess að slökkva á heyrnartækinu til að koma í veg fyrir afhleðslu. Takið rafmagnssnúruna úr sambandi við innstungu til að slökkva á hleðslutækinu.

❶ Slökktu á heyrnartækinu áður en þú setur það í geymslu í hleðslutæki sem hefur verið tekið úr sambandi.





❶ Ekki má toga í slöngurnar til að fjarlægja heyrnartækin úr hleðslutækinu því það getur skemmt slöngurnar.

5. Merkingar vinstra og hægra heyrnartækis

Á bakhlíð heyrnartækisins og á hátalaranum er rauð eða blá merking. Hún tilgreinir hvort um sé að ræða heyrnartæki í vinstra eða hægra eyra.

Blá merking fyrir **vinstra** heyrnartæki.


Rauð merking fyrir **hægra** heyrnartæki.



6. Heyrnartækið sett í eyrað


1.

Settu heyrnartækið bak við eyrað.




2.

Settu hlustarstykkið inn í hlustina.




3.

Ef stuðningspráður er festur við hlustarstykkið skal stinga honum inn í skálina framan við hlustina svo heyrnartækið haldist stöðugt.




7. Heyrnartækið fjarlæggt

Togaðu í bogna hluta slöngunnar og losaðu heyrnartækið sem er bak við eyrað.



8. Fjölnota hnappur

Hnappurinn stýrir nokkrum aðgerðum en aðalvirkni hans er sem rofi til að kveikja/slökkva. Þú getur ákveðið í samráði við heyrnarsérfræðinginn hvort þú viljir einnig nota hann til að stjórna hljóðstyrk og/eða skipta um kerfi. Þetta kemur fram í sérstökum „Leiðbeiningum fyrir heyrnartæki“ fyrir þitt tæki. Þú getur beðið heyrnarsérfræðinginn um útprentun.




Ef heyrnartækið er parað við síma með Bluetooth®-tengingu er hægt að samþykka símtal með því að ýta stutt á efri eða neðri hluta hnappsins og hafna símtali með því að halda hnappinum lengur inni – sjá kafla 13.

9. Kveikt og slökkt



Kveikt á heyrnartækinu

Heyrnartækin eru stillt þannig að þau kveikja sjálfkrafa á sér þegar þau eru tekin úr hleðslutækinu. Ef þessi eiginleiki hefur ekki verið stilltur skaltu ýta ákveðið á neðri hluta hnappsins í þrjár sekúndur þar til gaumljósið byrjar að blikka. Bíddu þar til stöðuga græna ljósið gefur til kynna að heyrnartækið sé tilbúið til notkunar.



Slökkt á heyrnartækinu

Haltu neðri hluta hnappsins inni í þrjár sekúndur þar til stöðuga rauða ljósið gefur til kynna að slökkt sé á heyrnartækinu.

	Grænt blikkandi ljós	Heyrnartækið kveikir á sér
	Stöðugt rautt ljós í 2 sekúndur	Heyrnartækið slekkur á sér

i Heyrnartækið gæti spilað lítinn lagstúf þegar kveikt er á því.

10. Snertistýring


Snertistýring er aðeins í boði fyrir gerðir L90 og L70. Ef heyrnartækið er parað við tæki með Bluetooth®-tengingu er hægt að nota ýmsa eiginleika með snertistýringunni, t.d. að samþykkja/hafna símtali, gera hlé/halda áfram með straumspilun, kveikja/slökkva á raddaðstoð. Þetta kemur fram í sérstökum „Leiðbeiningum fyrir heyrnartæki“ fyrir þitt tæki.

Pikkaðu tvisvar efst á eyrað til að nota snertistýringu.



11. Yfirlit yfir tengingar

Á skýringarmyndinni hér fyrir neðan eru tengimöguleikar heyrnartækisins sýndir.



* Hægt er að tengja sjónvarpstengið við hvers kyns hljóðgjafa, svo sem sjónvarp, einkatölvu eða hljómflutningstæki.

** Einnig er hægt að tengja þráðlausa Roger-hljóðnema við heyrnartækin.


12. Fyrsta pörun

12.1 Fyrsta pörun við tæki með Bluetooth®-tengingu

- ① Aðeins þarf að framkvæma pörunina einu sinni fyrir hvert tæki með þráðlausri Bluetooth-tengingu. Eftir fyrstu pörun munu heyrnartækin tengjast sjálfkrafa við viðkomandi tæki. Fyrsta pörun getur tekið allt að tvær mínútur.

1.
Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth®-tengingu í tækinu þínu (t.d. farsíma) og leitaðu að tækjum með Bluetooth®-tengingu í stillingavalmyndinni fyrir tengingar.

2.
Kveiktu á báðum heyrnartækjunum. Nú hefur þú þrjár mínútur til að para heyrnartækin við tækið þitt.



3.

Tækið birtir lista yfir tæki með Bluetooth®-tengingu. Veldu heyrnartækin á listanum til að para bæði heyrnartækin samtímis. Hljóðmerki gefur til kynna að pörunin hafi tekist.

- ① Nánari upplýsingar um pörunarleiðbeiningar við Bluetooth-tengd tæki með sérstökum leiðbeiningum fyrir nokkra af vinsælustu símaframleiðendum er að finna á: <https://www.phonak.com/com/en/support.html>


12.2 Tengt við tækið

Þegar heyrnartækin hafa verið pöruð við tækið munu þau tengjast sjálfkrafa aftur við það þegar kveikt er á þeim.

- ① Tengingin helst eins lengi og KVEIKT er á tækinu og það er innan tengisviðs.
- ① Hægt er að tengja heyrnartækið við allt að tvö tæki og para það við allt að átta tæki.

13. Símtöl

Heyrnartækin þín tengjast beint við síma með Bluetooth®-tengingu. Þegar heyrnartækin eru þöruð og tengd við símann þinn færðu sendar tilkynningar, tilkynningar um símtöl sem berast og heyrir í þeim sem hringir beint í gegnum heyrnartækin. Tekið er á móti símtölum „handfrjálst“ sem þýðir að hátalarar heyrnartækjanna nema rödd þína og senda hana í símann.




13.1 Að hefja símtal

Sláðu inn símanúmer og ýttu á hringihnappinn. Þú heyrir hringitóninn í heyrnartækjunum þínum. Hljóðnemar heyrnartækjanna nema rödd þína og senda hana í símann.

13.2 Að svara símtali

Þegar símtal berst, heyrst tilkynningahljóðmerki í heyrnartækjunum (t.d. hringitónn eða raddtilkynning). Hægt er að svara símtalinu með því að pikka tvisvar efst á eyrað (aðeins í boði fyrir gerðir L90 og L70), með því að ýta stutt á efri eða neðri hluta fjölnota hnappsins á heyrnartækjunum (innan við tvær sekúndur) eða beint í gegnum símann.




13.3 Að ljúka símtali

Hægt er að ljúka símtali með því að ýta lengi á efri eða neðri hluta fjölnota hnappsins á heyrnartækjunum (lengur en í tvær sekúndur) eða með því að enda símtalið beint í gegnum símann. Á gerðum 90 og 70 er einnig hægt að ljúka símtali með því að pikka tvisvar efst á eyrað.



13.4 Að hafna símtali

Hægt er að hafna símtali með því að ýta lengi á efri eða neðri hluta fjölnota hnappsins á heyrnartækjunum (lengur en í tvær sekúndur) eða með því að hafna símtalinu beint í gegnum símann.









14. Flugstilling

Heyrnartækið þitt vinnur á tíðnibilinu 2,4 GHz–2,48 GHz. Sum flugfélög krefjast þess að öll tæki séu stillt á flugstillingu í flugi. Flugstilling slekkur ekki á eðlilegri virkni heyrnartækja heldur aðeins á eiginleikum Bluetooth-tengingar.

14.1 Kveikt á flugstillingu

Gerðu eftirfarandi til að slökkva á þráðlausa eiginleikanum og stilla á flugstillingu í hvoru heyrnartæki fyrir sig:


1.		<p>Ef slökkt er á heyrnartækinu skaltu halda áfram í skref 2. Ef kveikt er á heyrnartækinu skaltu slökkva á því með því að halda neðri hluta hnappsins inni í 3 sekúndur, þar til gaumljósið logar stöðugt með rauðum lit í 3 sekúndur, sem gefur til kynna að heyrnartækið sé að slökkva á sér.</p>	
2.		<p>Ýttu á neðri hluta hnappsins og haltu honum inni. Græna gaumljósið blikkar þegar heyrnartækið kveikir á sér.</p>	
3.		<p>Haltu hnappinum áfram inni í 7 sekúndur, þar til gaumljósið logar stöðugt með appelsínugulum lit. Slepptu svo hnappinum. Stöðugt appelsínugult ljós gefur til kynna að heyrnartækið er í flugstillingu.</p>	

Ekki er hægt að tengja heyrnartækin beint við síma á meðan þau eru í flugstillingu.

14.2 Slökkt á flugstillingu

Gerðu eftirfarandi til að kveikja á þráðlausa eiginleikanum og slökkva á flugstillingu í hvoru heyrnartæki fyrir sig:

Slökktu og kveiktu aftur á heyrnartækinu - sjá kafla 9.



15. Heyrnartækið endurræst

Ef villa kemur upp í heyrnartækinu skaltu nota þessa aðferð. Endurræsing mun ekki fjarlægja eða eyða út neinu kerfi eða stillingu.

1.

Haltu neðri hluta fjölnota hnappsins inni í a.m.k. 15 sekúndur. Það skiptir ekki máli hvort kveikt eða slökkt er á heyrnartækinu áður en byrjað er að ýta á hnappinn. Ekkert ljós kviknar og ekkert hljóðmerki er gefið þegar 15 sekúndurnar eru liðnar.

2.

Settu heyrnartækið í hleðslutækið sem er tengt við aflgjafa og bíddu þar til gaumljósið blikkar með grænum lit. Þetta getur tekið allt að 30 sekúndur. Heyrnartækið er nú tilbúið til notkunar.

16. Yfirlit yfir myPhonak-forritið

Notkunarleiðbeiningar eru á: **www.phonak.com/myphonakapp**. Einnig er hægt að skanna kóðann



Setja upp myPhonak, forrit fyrir notendur iPhone-tækja



Setja upp myPhonak, forrit fyrir snjallsímanotendur með Android OS-stýrikerfi



iPhone® er vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

iOS® er skráð vörumerki Cisco Systems, Inc. og/eða hlutdeildarfélagi þess í Bandaríkjunum og ákveðnum öðrum löndum.

Android™ er vörumerki Google LLC.

17. Yfirlit yfir Roger™

Prófaðu Roger™-heyrnarupplifunina

Roger™-tæknin er hönnuð til að bæta hlustun við aðstæður þar sem bakgrunnshljóð eru til staðar eða viðmælandi er í nokkurri fjarlægð. Hljóðneminn nemur rödd viðmælandans og sendir hana þráðlaust beint í Roger-móttakarana* í heyrnartækjunum**. Þannig getur þú tekið virkan þátt í hópsamtölum, jafnvel í hávaðasömu umhverfi s.s. á veitingastöðum, fundum og skólaskemmtunum.

Nánari upplýsingar um Roger-tæknina og Roger-hljóðnema er að finna á vefsvæðinu:
<https://www.phonak.com/roger-solutions>.
Einnig er hægt að skanna QR-kóðann



* RogerDirect™ krefst þess að Roger-móttakarar séu settir upp af heyrnarsérfræðingi í Phonak-heyrnartækjum.

** Audéo L20-R er ekki samhæft við Roger-vörur

18. Hlustað á almannafæri (valfrjálst)

Hugsanlega eru heyrnartækin þín með T-spólu eiginleika sem getur hjálpað til við hlustun á mann mörgum stöðum, eins og í kirkjum, tónleikasölum, lestarstöðvum og opinberum byggingum.

Þegar þú sérð þetta tákn er tónmöskvakerfi til staðar sem er samhæft við heyrnartækin þín. Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn til að fá frekari upplýsingar og til að virkja T-spólu eiginleikann.



Hvernig nota á T-spólu eiginleikann

Hægt er að opna T-spólu eiginleikann sem heyrnarsérfræðingur hefur sett upp á tvo vegu. Með því að ýta lengi á þrýstihnappinn á heyrnartækinu færst beinn aðgangur að T-spólu kerfinu. Einnig er hægt að opna T-spólu kerfið í gegnum myPhonak-forritið. Gættu þess að sitja eða standa innan afmarkaða tónmöskvasvæðisins sem merkt er með T-spólu tákni.

19. Skilyrði fyrir notkun, flutning og geymslu

Varan er hönnuð til að virka án vandkvæða eða takmarkana ef hún er notuð eins og ætlast er til, nema annað sé tekið fram í þessum notkunarleiðbeiningum.

Tryggðu að notkun, hleðsla, flutningur og geymsla heyrnartækjanna sé í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

Audéo L R/RT og hleðslutæki

	Notkun	Hleðsla	Flutningur	Geymsla
Hitastig				
Hámarkssvið	+5° til +40°C (41° til 104°F)	5° til +40°C (41° til 104°F)	-20° til +60°C (-4° til 140°F)	-20° til +60°C (-4° til 140°F)
Ráðlagt svið	+5° til +40°C (41° til 104°F)	+7° til +32°C (45° til 90°F)	0° til +20°C (32° til 68°F)	0° til +20°C (32° til 68°F)
Rakastig				
Hámarkssvið	0% til 85% (án þéttingar)	0% til 85% (án þéttingar)	0% til 70%	0% til 70%
Ráðlagt svið	0% til 60% (án þéttingar)	0% til 60% (án þéttingar)	0% til 60%	0% til 60%
Loftþrýstingur	500 hPa til 1060 hPa	500 hPa til 1060 hPa	500 hPa til 1060 hPa	500 hPa til 1060 hPa

Heyrnartækin eru flokkuð sem IP68. Það þýðir að þau eru varin gegn vatni og ryki og hönnuð til að þola ýmsar aðstæður. Hægt er að nota þau í rigningu en ekki má dýfa þeim ofan í vatn eða fara með þau í sturtu, sund eða aðrar vatnstengdar athafnir. Heyrnartækin mega ekki komast í snertingu við klórblandað vatn, sápu, saltvatn eða aðra efnablandaða vökva.

Þetta hleðslutæki er flokkað sem IP21. Það þýðir að hleðslutækið er varið fyrir dropum sem falla að ofan, t.d. vegna rakapéttingar.

Gættu þess að hlaða heyrnartækin reglulega þegar þau eru geymd í lengri tíma.

Ef heyrnartækin hafa verið geymd eða flutt við önnur skilyrði en þau sem eru ráðlögð skal bíða í 15 mínútur áður en kveikt er á þeim.

20. Umhirða og viðhald

Áætlaður endingartími:

Áætlaður endingartími heyrnartækjanna og samhæfa hleðslutækisins eru fimm ár. Á þeim tíma er búist við öruggri notkun þeirra.

Þjónustutímabil:

Með því að hirða vel um heyrnartækin og hleðslutækið með reglubundnu viðhaldi getur þú hjálpað til við að láta tækin endast út áætlaðan endingartíma þeirra. Sonova AG býður upp á fimm ára viðgerða- og þjónustutímabil að lágmarki eftir að viðkomandi heyrnartæki, hleðslutæki og nauðsynlegir íhlutir hafa verið tekin úr framleiðslu.

Notist við eftirfarandi leiðbeiningar. Frekari upplýsingar um vöruöryggi má finna í kafla 26.2.

Almennar upplýsingar

Fjarlægðu heyrnartækið úr eyranu áður en hárlakk eða aðrar snyrtivörur eru notaðar þar sem slíkar vörur kunna að valda skemmdum á tækinu.

Heyrnartækin eru vatns-, svita- og rykheld við eftirfarandi aðstæður:

- Eftir að heyrnartækið hefur komist í snertingu við vatn, svita eða ryk er það þrifið og þurrkað.
- Notkun og umhirða heyrnartækisins er í samræmi við það sem lýst er í þessari notendahandbók.



Gakktu alltaf úr skugga um að heyrnartækin og hleðslutækið séu þurr og hrein áður en þau eru hlaðin.

Daglega

Heyrnartæki: Skoðaðu hlustarstykkið með tilliti til eyrnamergs og rakaleifa og hreinsaðu yfirborðsfleti þess með lófríum klúti. Notaðu aldrei hreinsiefni á borð við uppvottalög, sápu o.s.frv. til að hreinsa heyrnartækið. Ekki er mælt með því að skola tækið með vatni. Ef þú þarft að þrifa heyrnartækið vandlega skaltu fá ráðleggingar hjá heyrnarsérfræðingnum um síur eða þurrkunaraðferðir.

Hleðslutæki: Gakktu úr skugga um að hleðsluinntök séu hrein og þrífðu yfirborðsfleti með lófríum klúti. Notaðu aldrei hreinsiefni á borð við uppvottalög, sápu o.s.frv. til að hreinsa hleðslutækið.

Vikulega

Heyrnartæki: Hreinsaðu hlustarstykkið með mjúkum, rökum klúti eða sérstökum hreinsiklúti fyrir heyrnartæki. Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn til að fá ítarlegri leiðbeiningar um viðhald. Þrífðu hleðslusnerturnar á heyrnartækinu með mjúkum, rökum klúti.

Hleðslutæki: Fjarlægðu ryk og óhreinindi af hleðsluinntökunum með lófríum klúti.



Ávallt skal gæta að því að taka hleðslutækið úr sambandi við rafmagn áður en það er þrifið.

21. Skipt um mergsíu

Heyrnartækið þitt er með mergsíu til að vernda hátalarann fyrir skemmdum vegna eyrnamergrs.


Athugaðu mergsíuna reglulega og skiptu henni út ef þér virðist hún vera óhrein eða ef hljóðstyrkur og hljómgæði heyrnartækisins skerðast. Skipta skal um mergsíuna á fjögurra til átta vikna fresti á venjulegum móttakara og einu sinni í viku á ActiveVent™-móttakara.

21.1 Venjulegur móttakari með kúpli

21.1.1 Hlustarstykkið fjarlægt af hátalaranum


1.

Fjarlægðu hlustarstykkið af hátalaranum með því að halda á hátalaranum í annarri hendinni og hlustarstykkinu í hinni.




2.

Togaðu hlustarstykkið varlega af til að fjarlægja það.



3.


Hreinsaðu hátalarann með lófríum klúti.



21.1.2 Skipt um mergsíu með CeruShield™-skífu

1.

Snúðu CeruShield-skífunni gætilega í áttina sem örvarnar benda þar til laust op birtist undir tunnutákninu.




2.

Stingdu hátalaranum varlega inn í opið (undir tunnutákninu) þar til hann smellur í til að fjarlægja notaða mergsíu. Notaða mergsían verður eftir á skífunni þegar hátalarinn er tekinn af.



3.


Stingdu hátalaranum varlega inn í opið þar sem nýja mergsían sést (á móti tunnutákninu) þar til hann smellur í til að setja nýja mergsíu í. Taktu hátalarann af skífunni, nýja mergsían er nú staðsett inni í hátalaranum.



21.1.3 Hlustarstykkið fest við hátalarann


1.

Haltu á hátalaranum í annarri hendinni og hlustarstykkinu í hinni.




2.

Dragðu hlustarstykkið yfir hljóðúttakið á hátalaranum.



3.

Hátalarinn og hlustarstykkið ættu að smella alveg saman.



21.2 ActiveVent™-móttakari með SlimTip


21.2.1 Skýringar á íhlutum

1. Mergsíuskammtari

a) snúningsskífa

b) ný sía


c) skömmtunarrauf fyrir notaðar síur



2. Verkfæri fyrir síuskipti

a) skrúfuendi til að fjarlægja notaða síu


b) gaffalendi til að setja nýja síu í



21.2.2 Notuð mergsía fjarlægð (HF3-sía)


1.

Haltu þétt um hlustarstykkið og festu bakhlið hátalarans með fingrinum.




2.

Stingdu skrófuenda HF-3-verkfærisins inn í hátalara heyrnartækisins.




3.

Snúðu verkfærinu réttisælis þar til mótstaða finnst. Togaðu verkfærið úr hátalaranum með notuðu mergsíunni á endanum.




4.

Settu notuðu mergsíuna inn í skömmtunarraufina í miðju mergsíuskammtarans.



5.

Renndu verkfærinu í aðra hvora áttina á skömmtunarraufinni. Lyftu verkfærinu og skildu notuðu síuna eftir í skömmtunarraufinni.




21.2.3 Ný mergsía sett í

1.


Þegar búið er að fjarlægja notaða mergsíu úr hátalaranum skal bursta allar leifar í burtu.

Snúðu skífunni á mergsíuskammtaranum þar til ný mergsía birtist í glugga skífunnar.




2.

Notaðu nú hinn enda verkfærisins (gaffalinn) til að taka upp nýja mergsíu.




3.

Stingdu gaffalenda verkfærisins niður í skífuna og togaðu mergsíuna upp.



4.


Settu nýju mergsíuna inn í hátalara heyrnartækisins. Gættu þess að festa bakhlið hátalarans með fingrinum.



5.

Þegar nýja sían er tryggilega fest í hátalaranum má halla verkfærinu litillega og lyfta því frá.

Festu verkfærið aftur við mergsíuskammtarann.



22. Þjónusta og ábyrgð

Staðbundin ábyrgð

Spyrðu heyrnarsérfræðinginn sem seldi þér heyrnartækin og hleðslutækið um sérstaka skilmála staðbundinnar ábyrgðar.

Alþjóðleg ábyrgð

Sonova AG býður upp á takmarkaða alþjóðlega ábyrgð í eitt ár frá því að varan er keypt. Undir þessa takmörkuðu ábyrgð falla framleiðslu- og efnisgallar í heyrnartækinu og hleðslutækinu, hvoru um sig, en ekki í aukahlutum á borð við slöngur, hlustarstykki og ytri móttakara. Ábyrgðin gildir einungis gegn framvísun staðfestingar á kaupum.

Alþjóðlega ábyrgðin hefur engin áhrif á lagaleg réttindi sem þú gætir haft samkvæmt gildandi neytendalöggjöf í þínu landi.

Takmörkun á ábyrgð

Undir þessa ábyrgð falla ekki skemmdir vegna rangrar meðhöndlunar eða umhirðu, snertingar við efni eða óhóflegs álags. Skemmdir af völdum þriðja aðila eða ósamþykktra þjónustumiðstöðva fella þessa ábyrgð úr gildi. Þjónusta sem heyrnarsérfræðingur veitir á stofu sinni fellur ekki undir þessa ábyrgð.

Raðnúmer

Vinstra heyrnartæki:

Hægra heyrnartæki:

Hleðslutæki:

Kaupdagur:

Löggiltur heyrnarsérfræðingur (stimpill/
undirskrift):

23. Upplýsingar um samræmi

Evrópa:

Samræmisfirlýsing fyrir heyrnartækið

Sonova AG lýsir því hér með yfir að þessi vara uppfyllir skilyrði reglugerðar (ESB) 2017/745 um lækningatæki, sem og tilskipunar 2014/53/ESB um þráðlausan fjarskiptabúnað.

Heildartexta ESB-samræmisfirlýsingarinnar er hægt að fá hjá framleiðanda eða næsta umboðsaðila Phonak, en heimilisfang hans má finna á www.phonak.com/us/en/certificates (staðsetningar Phonak um allan heim).

Ástralía/Nýja-Sjáland:



R-NZ

Þetta þýðir að tækið samræmist viðeigandi atriðum reglugerða RSM (Radio Spectrum Management) og áströlskum samskipta- og fjölmiðlayfirvöldum (ACMA) svo löglegt sé að selja það í Nýja-Sjálandi og Ástralíu.

Samræmismerkingin R-NZ er fyrir fjarskiptavörur á samræmisstigi A1 sem eru í boði á nýsjálenskum markaði.

Þráðlausu gerðirnar sem taldar eru upp á bls. 2 eru vottaðar samkvæmt:

Phonak Audéo L-R (90/70/50/30/20)

Phonak Audéo L-RT (90/70/50/30)

Phonak Audéo L-R/RT Trial

Bandaríkin

FCC-auðkenni: KWC-MRP

Kanada

IC: 2262A-MRP

Tilkynning 1:

Þetta tæki samræmist 15. hluta reglna FCC og RSS-210 frá Industry Canada (IC). Notkun þess er háð eftirfarandi tveimur skilyrðum:

- 1) Þetta tæki má ekki valda skaðlegum truflunum, og
- 2) tækið verður að taka við öllum truflunum, þ.m.t. truflunum sem geta valdið óæskilegri virkni þess.

Tilkynning 2:

Breytingar á þessum búnaði sem Sonova AG hefur ekki samþykkt geta ógilt heimild FCC til notkunar búnaðarins.

Tilkynning 3:

Tækið hefur verið prófað og niðurstaðan er sú að það uppfylli skilyrði innan marka B-flokks stafrænna tækja, samkvæmt 15. hluta FCC-reglnanna og ICES-003 frá Industry Canada. Þessum takmörkunum er ætlað að veita hæfilega vernd gegn skaðlegri truflun í íbúðabyggð. Þetta tæki myndar, notar og getur sent frá sér útvarpsbylgjur og ef það er ekki sett upp og notað eins og fyrirskipt er getur það valdið skaðlegum truflunum á þráðlausum fjarskiptum. Hins vegar er engin trygging fyrir því að truflanir eigi sér ekki stað á tilteknu svæði. Ef tækið veldur

skaðlegum truflunum á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem hægt er að staðfesta með því að kveikja og slökkva á búnaðinum, er notanda ráðlagt að reyna að koma í veg fyrir truflanir með eftirfarandi aðferðum:

- Endurstilla eða flytja móttökuloftnetið.
- Auka bilið á milli tækisins og móttakarans.
- Tengja tækið í innstungu á annarri rás en móttakarinn er tengdur við.
- Leita aðstoðar hjá söluaðila eða hjá sérfróðum útvarps-/sjónvarpsvirkja.

Fjarskiptaupplýsingar fyrir þráðlausa heyrnartækið

Gerð loftnets	Meðsveiflurammaloftnet
Notkunartíðni	2,4 GHz–2,48 GHz
Tíðnibreyting	GFSK, Pi/4 DPSK, GMSK
Útgeislað afl	< 2,5 mW

Bluetooth®

Svið	~1 m
Bluetooth	4.2 Tvöföld stilling
Studd snið	HFP (handfrjálst snið), A2DP

Geislunarpróf	Samræmi	Leiðbeiningar um rafsegulhverfi
Útgeislun fjarskiptatíðni CISPR 11	Hópur 2 Flokkur B	Lækningatækið notar einungis útvarpsbylgjur fyrir innri virkni. Þar af leiðandi er geislun útvarpsbylgja mjög lítill og ólíklegt að hún valdi truflunum í nálægum rafeindabúnaði
Útgeislun yfirsveiflu	Samræmist	
Spennusveiflur/ útgeislun flökts	Samræmist	

Samræmi við losunar- og ónæmisstaðla

Losunarstaðlar	EN 60601-1-2
	IEC 60601-1-2
	EN 55011
	CISPR11
	CISPR32
	CISPR25
	EN 55025

Ónæmisstaðlar	EN 60601-1-2
	IEC 60601-1-2
	EN 61000-4-2
	IEC 61000-4-2
	EN IEC 61000-4-3
	IEC 61000-4-3
	EN 61000-4-4
	IEC 61000-4-4
	EN 61000-4-5
	IEC 61000-4-5
	EN 61000-4-6
	IEC 61000-4-6
	EN 61000-4-8
	IEC 61000-4-8
	EN 61000-4-11
	IEC 61000-4-11
	IEC 60601-1
	ISO 7637-2

24. Upplýsingar og lýsing á táknum



Með CE-tákninu lýsir Sonova AG því yfir að þessi vara, að meðtöldum aukabúnaði, uppfyllir skilyrði reglugerðar (ESB) 2017/745 um lækningatæki, sem og tilskipunar 2014/53/ESB um þráðlausan fjarSKIPTABÚNAÐ. Númerin á eftir CE-tákninu samsvara kóða vottaðra stofnana sem leitað var til samkvæmt ofangreindri reglugerð og tilskipun.



Þetta tákn gefur til kynna að vörurnar sem lýst er í þessum notendaleiðbeiningum standist reglur um notkunarhluta af gerð B samkvæmt EN 60601-1. Yfirborð heyrnartækisins er skilgreint sem notkunarhluti af gerð B.



Táknar framleiðanda lækningatækisins samkvæmt skilgreiningu í reglugerð (ESB) 2017/745.



Gefur til kynna dagsetninguna þegar lækningatækið var framleitt.



Gefur til kynna viðurkenndan fulltrúa í Evrópusambandinu. Viðurkenndur fulltrúi í Evrópusambandinu er einnig sá aðili sem flytur tækið inn til Evrópusambandsins.



Þetta tákn gefur til kynna að mikilvægt sé að notandinn lesi og fari eftir viðeigandi upplýsingum í þessari notendahandbók.



Þetta tákn gefur til kynna að mikilvægt sé að notandinn taki eftir viðeigandi viðvörðunum í þessari notendahandbók.



Þetta tákn gefur til kynna að mikilvægt sé að notandinn taki eftir viðeigandi viðvörðunum sem tengjast rafhlöðum í þessari notendahandbók.



Mikilvægar upplýsingar um meðhöndlun og vöruöryggi.



Þetta tákn merkir að rafsegultruflun af þessu tæki er undir leyfilegum mörkum sem sett eru af eftirlitsnefnd alríkisfjarskipta í Bandaríkjunum (FCC).



Þetta þýðir að tækið samræmist viðeigandi atriðum reglugerða RSM (Radio Spectrum Management) og áströlskum samskipta- og fjölmiðlayfirvöldum (ACMA) svo löglegt sé að selja það í Nýja-Sjálandi og Ástralíu.



Bluetooth® orðmerkið og myndmerkin eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun Sonova AG á slíkum merkjum fer fram á grundvelli leyfisveitingar. Önnur vörumerki og vöruheiti eru í eigu viðkomandi eigenda.



Samræmismerkingin gefur til kynna að tækið samræmist brasilískum samræmiskröfum fyrir búnað sem fellur undir heilbrigðiseftirlitskerfi. OCP táknar vottunaraðila.



Japönsk merking fyrir vottaðan fjarskiptabúnað.

SN

Gefur til kynna raðnúmer frá framleiðanda svo hægt sé að auðkenna tiltekið eintak af lækningatæki.

REF

Gefur til kynna vörulistanúmer frá framleiðanda svo hægt sé að auðkenna lækningatækið.

MD

Gefur til kynna að tækið er lækningatæki.



Þetta tákn gefur til kynna að mikilvægt sé fyrir notandann að lesa og taka tillit til viðeigandi upplýsinga í þessari notendahandbók.

IP68

Vörn gegn innferð. IP68-flokkun gefur til kynna að heyrnartækið er vatns- og rykhelt. Það hefur staðist prófun með samfelldri dýfingu í eins metra vatnshæð í 60 mínútur og 8 klukkustundir í rykklefa samkvæmt IEC60529-staðli.

IP21

IP-flokkun = varnarflokkun gegn innferð (Ingress Protection). Flokkunin IP21 þýðir að tækið er varið fyrir aðskotahlutum sem eru 12,5 mm og stærri. Varið fyrir dropum sem falla að ofan.



Hitastig við flutning og geymslu: -20° til $+60^{\circ}$ Celsíus (-4° til $+140^{\circ}$ Fahrenheit).



Rakastig við flutning og geymslu: 0% til 70%, ef það er ekki í notkun. Sjá upplýsingar í kafla 25.2 um þurrkun heyrnartækisins eftir notkun.



Loftþrýstingur við notkun, flutning og geymslu: 500 hPa til 1060 hPa



Haldið þurru meðan á flutningi stendur.



Táknið með krossi yfir ruslatunnu merkir að hvorki má fleygja heyrnartækinu né hleðslutækinu með venjulegu heimilissorpi. Fargið gömlum eða ónotuðum heyrnartækjum og hleðslutækjum á förgunarstöðum sem ætlaðir eru fyrir rafeindaúrgang eða afhendið heyrnarsérfræðingi heyrnartækið og hleðslutækið til förgunar. Ábyrg förgun verndar umhverfi og heilsu.

Tákn sem eiga eingöngu við fyrir evrópsk rafveitukerfi



Spennugjafi með tvöfaldri einangrun.



Tæki sem er eingöngu hannað til notkunar innanhúss.



Öryggi einangrunarspennis, þolir skammhlaup.

25. Úrræðaleit

Vandamál

Heyrnartækið virkar ekki

Blístur heyrir í heyrnartækinu

Heyrir of hátt í heyrnartækinu

Hljóð í heyrnartækinu heyrir ekki nógu hátt eða er bjagað

Tvö hljóðmerki heyrast frá heyrnartækinu

Ekki kviknar á heyrnartækinu

Ekki kviknar á gæumljósi heyrnartækisins þegar tækið er sett í hleðsluáufarnar

Orsakir

Hátalari/hlustarstykki er stíflað

Slökkt er á heyrnartæki

Rafhlaða er alveg tóm

Heyrnartæki var ekki sett rétt inn í eyrað

Eyrnamergur er í hlust

Hljóðstyrkur er of mikill

Hljóðstyrkur er of lítill

Lítill hleðsla á rafhlöðu

Hátalari/hlustarstykki er stíflað

Heyrn hefur breyst

Lítill hleðsla eftir á rafhlöðu

Rafhlaða er alveg tóm

Hnappurinn var óvart gerður óvirkur með því að halda honum inni lengur en í 15 sekúndur

Heyrnartæki er ekki sett í hleðslutæki á réttan hátt

Rafhlaða heyrnartækisins er alveg tóm

Lausnir

Hreinsaðu op á hátalara/hlustarstykki

Haltu neðri hluta fjölnota hnappsins inni í þrjár sekúndur (kafla 9)

Settu heyrnartækið í hleðslu (kafla 4)

Settu heyrnartækið rétt í eyrað (kafla 6)

Hafðu samband við háls-, nef- og eyrnalækni/heimilislækni eða heyrnarsérfræðinginn

Lækkaðu hljóðstyrkinn ef hljóðstyrksstýring er til staðar (kafla 8)

Hækkaðu hljóðstyrkinn ef hljóðstyrksstýring er til staðar (kafla 8)

Settu heyrnartækið í hleðslu (kafla 4)

Hreinsaðu op á hátalara/hlustarstykki

Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn

Settu heyrnartækið í hleðslu (kafla 4)

Settu heyrnartækið í hleðslu (kafla 4)

Framkvæmdu skref 2 í endurræsingarferlinu (kafla 15)

Settu heyrnartækið í hleðslutækið á réttan hátt (kafla 4)

Þíddu í þrjár klukkustundir eftir að heyrnartækið hefur verið sett í hleðslutækið, óháð því hvað gaumljósín sýna

Vandamál

Gaumljós heyrnartækisins
logar stöðugt í rauðum lit
þegar heyrnartækið er í
hleðslutækinu

Gaumljós heyrnartækisins
slekkur á sér þegar
heyrnartækið er tekið úr
hleðslutækinu

Heyrnartæki með
ActiveVent™-móttakara
virkar ekki rétt

ActiveVent™-móttakari er
laus í hlustarstykkinu eða
hefur losnað alveg af
hlustarstykkinu

Gaumljós heyrnartækisins
logar áfram stöðugt í
grænum lit þegar búið er
að taka það úr
hleðslutækinu

Rafhlaða endist ekki í
heilan dag

Símtalseiginleiki virkar ekki

Orsakir

Heyrnartæki er í notkun utan
notkunarhitasviðs

Gölluð rafhlaða

Eiginleikinn sem kveikir sjálfkrafa á
heyrnartækinu er óvirkur

Loftop er í rangri stöðu (t.d. lokað)

Eyrnamergur

Annað

Hátalari hefur losnað frá hlustarstykkinu
(t.d. við skipti á mergsiu)

Gaumljós heyrnartækisins var rautt þegar
heyrnartækið var sett í hleðslutækið

Stytttri endingartími rafhlöðu

Heyrnartækið er í flugstillingu

Heyrnartækið er ekki parað við símann

Lausnir

Hitaðu heyrnartækið upp eða láttu það kólna. Notkunarhitaviðið er +5° til +40° Celsíus (+41° til +104° Fahrenheit)

Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn

Kveiktu á heyrnartækinu (kafli 9)

Endurræstu með því að slökkva á heyrnartækinu og kveikja aftur á því
Hreinsaðu opið á hátalaranum og/eða skiptu um mergsíu (kafli 21.2)

Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn

Ýttu hátalaranum aftur inn í hlustarstykkið. Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn ef hátalarinn er ennþá laus.

Endurræstu heyrnartækið (kafli 15)

Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn. Hugsanlega þarf að skipta um rafhlöðu

Slökktu og kveiktu aftur á heyrnartækinu (kafli 14.2)

Paraðu heyrnartækið við símann (kafli 12)

Vandamál

Hleðsla hefst ekki (en gaumljósið nálægt USB-tenginu kviknar í grænum lit þegar hleðslutækið er tengt við rafmagn.)

Orsakir

Heyrnartæki er ekki sett í hleðslutæki á réttan hátt

i Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn til að fá aðstoð.

Sjá nánari upplýsingar á <https://www.phonak.com/com/en/support.html>.

Lausnir

Settu heyrnartækið í hleðslutækið á réttan hátt (kafli 4.1)

26. Mikilvægar öryggisupplýsingar

Lestu viðeigandi öryggisupplýsingar og upplýsingar um takmarkanir á notkun á eftirfarandi síðum áður en heyrnartækið er notað.

Fyrirhuguð notkun

Heyrnartækið er ætlað til að magna og senda hljóð í eyra til að bæta skerta heyrn.

Hugbúnaðurinn Phonak Tinnitus Balance er ætlaður fyrir fólk með eyrnasuð sem þarf einnig á hljóðmögnun að halda. Hugbúnaðurinn veitir hljóðáreiti sem getur auðveldað notandanum að beina athyglinni frá eyrnasuðinu.

Hleðslutækin eru til að hlaða rafhlöður endurhlaðanlegu heyrnartækjanna.

Fyrirhugaður notendahópur:

Heyrnartæki: Tækið er ætlað einstaklingum frá 12 ára aldri með heyrnartap öðru megin eða báðum megin, og það getur verið vægt til verulegt heyrnartap. Eyrnasuðseiginleikinn er ætlaður einstaklingum 18 ára og eldri með langvarandi eyrnasuð.

Hleðslutæki: Fyrirhugaður notendahópur eru notendur samhafðu heyrnartækjanna

Fyrirhugaður notandi:

Heyrnartæki: Fyrir einstaklinga með heyrnartap sem nota heyrnartæki og umönnunaraðila þeirra. Heyrnarsérfræðingur ber ábyrgð á stillingu heyrnartækjanna.

Hleðslutæki: Fyrir einstaklinga með heyrnartap sem nota samhaf endurhlaðanleg heyrnartæki og umönnunaraðila þeirra og heyrnarsérfræðinga.

Ábendingar:

Almennar klínískar ábendingar fyrir notkun heyrnartækja, hleðslutækis og eyrnasuðseiginleika eru eftirfarandi:

Heyrnartap

- Á öðru eða báðum eyrum
- Leiðniheyrnartap, skyntaugaheyrnartap eða blandað heyrnartap
- Vægt til verulegt

Langvarandi eyrnasuð til staðar (gildir aðeins fyrir tæki með eyrnasuðseiginleika)

Frábendingar:

Almennar klínískar frábendingar fyrir notkun heyrnartækja og eyrnasuðseiginleika eru eftirfarandi:

- Heyrnartap er meira en svo að heyrnartækin komi að gagni (t.d. mögnun, tíðnisvörun)
- Brátt eyrnasuð (< þrír mánuðir eftir að það hefst)
- Aflögun á eyra (t.d. lokuð hlust, eyrnablöðku vantar)
- Taugaheyrnartap (vandamál tengd kuðungi, svo sem heyrnartaug vantar eða er óvirk)

Hleðslutæki: Athugið að frábendingar koma ekki frá hleðslutækinu heldur samhæfu heyrnartækjunum.

Þegar sjúklingi er vísað til læknis eða annars sérfræðings og/eða til meðferðar er það gert með hliðsjón af eftirfarandi meginviðmiðum:

- Sýnileg meðfædd aflögun á eyra eða aflögun af völdum slysa eða sjúkdóma;
- Saga um vessa frá eyra á síðustu 90 dögum;
- Saga um skyndilegt eða hratt versnandi heyrnartap á öðru eða báðum eyrum á síðustu 90 dögum;
- Bráður eða langvarandi svimi;

- Beinleiðnimæling sýnir bil sem nemur 15 dB eða meira við 500 Hz, 1000 Hz og 2000 Hz;
- Sýnileg merki um töluverða uppsöfnun eyrnamergs eða aðskotahlut í hlustinni;
- Verkur eða óþægindi í eyra;
- Óeðlilegt útlit á hljóðhimnu og hlust, svo sem:
 - Bólga í ytri hlust
 - Rofin hljóðhimna
 - Aðrir kvillar sem heyrnarsérfræðingur telur marktæka

Gæta skal sérstakrar varúðar við val og mátun á heyrnartæki með hámarkshljóðþrýstingsstig sem fer yfir 132 desíbel (dB), vegna hugsanlegrar hættu á að skerða þá heyrn sem eftir er hjá notanda heyrnartækisins. (Þetta ákvæði er aðeins nauðsynlegt fyrir heyrnartæki með hámarkshljóðþrýstingsafköst yfir 132 dB).

Heyrnarsérfræðingur kann að meta að ekki sé viðeigandi að vísa sjúklingi til læknis þegar eftirfarandi er til staðar:

- Þegar nægileg gögn liggja fyrir um að sérfræðingur hafi rannsakað ástandið til hins ítrasta og að öll möguleg meðferð hafi verið reynd;
- Ástandið hefur ekki versnað eða breyst marktækt frá fyrri rannsókn og/eða meðferð.
- Ef sjúklingur hefur gefið og er fær um að gefa upplýst samþykki þess efnis að fara ekki eftir ráðum um að leita áhlits sérfræðings er leyfilegt að halda áfram ferlinu og mæla með viðeigandi heyrnartækjum að teknu tilliti til eftirfarandi:
 - Ráðleggingarnar munu ekki hafa nein óæskileg áhrif á heilbrigði eða almenna velferð sjúklings;
 - Sjúkraskrár staðfesta að allra leiða hefur verið leitað til að hafa hagsmuni sjúklings í forgrunni

Ef lög krefjast þess þarf sjúklingur að undirrita yfirlýsingu til að staðfesta að hann hafi tekið upplýsta ákvörðun um að leita ekki til sérfræðings.

Klínískur ávinningur:

Heyrnartæki: Bættur skilningur á tali

Eyrnasuðseiginleiki: Eiginleikinn veitir hljóðáreiti sem getur auðveldað notandanum að beina athyglinni frá eyrnasuðinu.

Hleðslutæki: Hleðslutækið veitir ekki beinan klínískan ávinning. Það veitir óbeinan klínískan ávinning með því að gera aðaltækinu (endurhlaðanleg heyrnartæki) kleift að ná tilgangi sínum.

Fylgikvillar:

Heyrnarsérfræðingurinn getur lagfært eða dregið úr ákveðnum fylgikvillum við notkun heyrnartækja, svo sem eyrnasuði, svima, uppsöfnun eyrnamergs, of miklum þrýstingi, svita- eða rakamyndun, blöðrum, kláða og/eða útbrotum, óþægindum eða þrýstingi í hlust og afleiðingum slíkra fylgikvilla á borð við höfuðverk og/eða verk í eyrum.

Við notkun hefðbundinna heyrnartækja er hugsanlegt að sjúklingar verði fyrir aukinni hljóðútsetningu, sem getur haft í för með sér að breytingar verði á tíðnisviði af völdum hljóðáreitis.

Hleðslutæki: Athugið að fylgikvillar koma ekki frá hleðslutækinu heldur samhæfu heyrnartækjunum.

Heyrnartækið hentar til notkunar í heimahúsi og vegna þess hvað það er meðfærilegt gæti það líka verið notað á heilbrigðisstofnunum eins og lækna- og tannlækna- stofum o.s.frv.

Heyrnartæki endurheimtir ekki venjulega heyrn og kemur ekki í veg fyrir eða bætir heyrnarskerðingu sem stafar af líffræðilegum orsökum. Notandi sem notar heyrnartæki sjaldan fær ekki notið alls þess sem tækið býður upp á. Notkun heyrnartækis er einungis hluti af heyrnarmeðferð og notkuninni kann að þurfa að fylgja heyrnarþjálfun og kennsla í varalestri.

Blístursvörun, léleg hljóðgæði, of há eða of lág hljóð, ófullnægjandi mátun eða vandamál við að tryggja eða kyngja

er hægt að lagfæra eða bæta í fínstillingarferlinu við mátun hjá heyrnarsérfræðingi.

Tilkynna skal öll alvarleg tilvik sem koma upp í tengslum við heyrnartækið til fulltrúa framleiðanda og lögbærs yfirvalds á viðkomandi stað. Skilgreining á því hvað telst alvarlegt atvik er atvik sem beint eða óbeint leiddi til, gæti hafa leitt til eða gæti leitt til einhvers af eftirfarandi:


- a) dauða sjúklings, notanda eða annars einstaklings
- b) tímabundinnar eða varanlegrar alvarlegrar versnunar á heilsu sjúklings, notanda eða annars einstaklings
- c) alvarlegrar heilbrigðishættu fyrir almenning


Hafa skal samband við framleiðanda eða fulltrúa hans ef tilkynna þarf um óvænta notkun eða atvik.


26.1 Viðvaranir

- ⚠ Í heyrnartækjum sem hægt er að hlaða eru litíumjónarafhlöður sem má taka með í flug í handfarangri. Ekki má setja heyrnartæki í innritaðan farangur, eingöngu taka þau með í handfarangri.
- ⚠ Heyrnartækin þín vinna á tíðnibilinu 2,4 GHz–2,48 GHz. Áður en þú ferð í flug skaltu kanna hvort flugfélagið krefst þess að heyrnartæki séu stillt á flugstillingu, sjá kafla 14.
- ⚠ Eingöngu sá sem heyrnartækin eru ætluð fyrir (þau eru sérstaklega stillt fyrir heyrnarskerðingu viðkomandi) má nota þau. Aðrir einstaklingar ættu ekki að nota þau þar sem þau gætu skaðað heyrn viðkomandi.
- ⚠ Ekki er heimilt að gera breytingar á heyrnartækinu og hleðslutækinu sem Sonova AG hefur ekki samþykkt með skýrum hætti. Slíkar breytingar kunna að skaða eyrað eða valda skemmdum á heyrnartækinu.


- ⚠ Ekki skal nota heyrnartækin og aukabúnað fyrir hleðslu á sprengihættusvæðum (í námum eða á iðnaðarsvæðum þar sem er sprengihætta, í súrefnisríku umhverfi eða á svæðum þar sem eldfim svæfingar - og deyfingarlyf eru meðhöndluð) eða þar sem notkun rafeindabúnaðar er bönnuð. Tækið er ekki með ATEX-vottun.
- ⚠ Ef verkur gerir vart við sig í eða á bak við eyra, ef bólga er í eyra eða ef húðerting eða mikið magn eyrnamergs finnst skal hafa samband við heyrnarsérfræðing eða lækni.
- ⚠ Títanskeljar í sérsniðnum heyrnartækjum og hlustarstykkjum geta innihaldið akrýlöt úr límeftum í litlu magni. Einstaklingar sem eru næmir fyrir slíkum efnum gætu fundið fyrir ofnæmisviðbrögðum í húð. Ef slík viðbrögð koma fram skal strax hætta notkun heyrnartækisins og hafa samband við heyrnarsérfræðing eða lækni.
- ⚠ Í undantekningartilfellum kann kúpullinn að verða eftir í hlustinni þegar hlustarslangan er fjarlægð úr eyranu. Ef svo ólíklega vill til að kúpullinn sitji fastur í hlustinni er mælt með því að haft sé samband við lækni til að láta fjarlægja hann á öruggan hátt.


 Hlustunarforrit í stillingu fyrir stefnuvirkan hljóðnema draga úr bakgrunnshljóði. Hafðu í huga að viðvörðunarkerki og hávaði sem berast aftan frá, t. d. frá bílum, eru að nokkru eða öllu leyti deyfð.

 Heyrnartækið er ekki ætlað börnum yngri en 36 mánaða. Alltaf skal hafa eftirlit með börnum og einstaklingum með skerta vitsmunagetu við notkun heyrnartækisins til að tryggja öryggi þeirra. Heyrnartækið er lítið tæki sem inniheldur smáhluti. Ekki má skilja börn og einstaklinga með skerta vitsmunagetu eftir með heyrnartækið án eftirlits. Hafðu tafarlaust samband við lækni eða sjúkrahús ef heyrnartækið eða hlutar þess hafa verið gleptir vegna hættu á köfnun!


 Eftirfarandi á eingöngu við um einstaklinga með virk, ígrædd lækningatæki (t.d. gangráða, hjartastuðtæki o.s.frv.):


- Haltu þráðlausa heyrnartækinu og hleðslutækinu í a.m.k. 15 cm fjarlægð frá virka ígrædda tækinu. Ef þú finnur fyrir einhverri truflun skaltu ekki nota þráðlausu heyrnartækin. Hafðu samband við framleiðanda virka, ígrædda tækisins. Hafðu í huga að orsakir truflana geta einnig verið rafmagnslínur, stöðurafmagn, málmleitartæki á flugvöllum o.s.frv.
- Halda skal seglum (þ.e. áhaldi til að flytja rafhlöðuna, EasyPhone-segulum o.s.frv.) minnst 15 cm frá virka, ígrædda tækinu.


 Forðast skal að nota þetta tæki nálægt eða staflað á öðrum tækjum þar sem það gæti komið í veg fyrir að það starfi sem skyldi. Ef nauðsynlegt telst að nota það á slíkan hátt þarf að fylgjast vel með tækjunum til að tryggja að þau starfi á eðlilegan hátt.


 Notkun annarra fylgihluta, orkubreyta og snúra en framleiðandi tækisins tilgreinir eða útvegar gæti valdið aukinni rafsegulgeislun eða minna rafsegulónæmi tækisins og þar með dregið úr virkni þess.


- ⚠ Færanlegan fjarskiptabúnað (þar á meðal jaðarbúnað eins og loftnetssnúrur og ytri loftnet) ætti ekki að nota í minna en 30 cm fjarlægð frá einhverjum hluta heyrnartækjanna og hleðslutækisins, þar með talda snúrur sem framleiðandi tilgreinir. Að öðrum kosti gæti það minnkað afköst búnaðarins.
- ⚠ Einstaklingar með gat á hljóðhimnum, sýkingu í hlustum eða að öðru leyti með opið inn í miðeyra ættu ekki að nota heyrnartæki með kúplum eða mergsíum. Í þeim tilfellum mælum við með sérsniðnu hlustarstykki. Ef svo ólíklega vill til að einhver hluti þessarar vöru sitji fastur í hlustinni er mælt með því að haft sé samband við sérfræðilækni til að láta fjarlægja hann á öruggan hátt.

-  Forðast skal högg á eyrun þegar heyrnartæki með sérsniðnu hlustarstykki eru notuð. Stöðugleiki sérsniðinna hlustarstykkja hefur verið þróaður fyrir venjulega notkun. Hart högg á eyrað (t.d. við íþróttaiðkun) getur valdið því að sérsniðna hlustarstykkið brotni. Það gæti leitt til rofs á hlust eða hljóðhimnu.



-  Ef sérsniðið hlustarstykki hefur orðið fyrir höggi eða álagi skal ganga úr skugga um að það sé óskemmt áður en því er komið aftur fyrir í eyranu.


-  Meirihluti notenda heyrnartækja er með heyrnartap sem ekki er búist við að versni við reglulega notkun heyrnartækja í daglegum aðstæðum. Aðeins lítill hluti heyrnartækjanotenda með heyrnartap gæti verið í áhættu fyrir versnandi heyrn eftir langtímanotkun.


-  Ekki má fjarlægja snúrur móttakarans af heyrnartækjunum. Ef fjarlægja þarf snúrurnar eða skipta um þær er ráðlagt að hafa samband við heyrnarsérfræðing.


 Sjúklingar með ígrædda segulloka fyrir ventil í heilahólfi með ytri stillingargetu gætu verið í áhættu fyrir óviljandi breytingum á stillingum lokans þegar þeir eru útsettir fyrir sterkum segulsviðum.

Móttakari (hátalari) heyrnartækjanna, Lyric SoundLync, Lyric-forritunarsprotinn og MiniControl-stýringin innihalda segla. Haldið um það bil 5 cm fjarlægð eða meira milli seglanna og staðsetningu ígrædda segullokans.


 **VIÐVÖRUN:** Heyrnartækin innihalda litíumjónahnapparaflöðu. Slíkar rafhlöður eru hættulegar og geta valdið alvarlegum eða banvænum meiðslum innan tveggja klukkustunda ef þær eru gleyptar eða settar inn í einhvern hluta líkamans, óháð því hvort þær séu nýjar eða notaðar! Geymið þar sem börn, einstaklingar með vitræna skerðingu og gæludýr ná ekki til. Ef grunur leikur á að rafhlaða hafi verið gleypt eða sett inn í líkamann skal tafarlaust hafa samband við lækni!

 Heyrnartækið/-tækin þín innihalda litíumjónarafhlöður með Watt-tíma flokkun <20 Wh, sem hafa verið prófaðar samkvæmt SP 38.3 í „SP-handbók fyrir prófanir og viðmiðanir“, og ætti að senda á milli staða í samræmi við allar reglur og reglugerðir um örugga sendingu á litíumjónarafhlöðum.

 Notaðu eingöngu búnað vottaðan samkvæmt IEC 60950-1 *, IEC 62368-1 eða IEC 60601-1 með úttaksaflinu 5 VDC með hleðslutækinu. Lág. 500 mA.

 Ekki má snerta snertur hleðslutækisins þegar það er í sambandi við rafmagn

* Athugaðu: Hugsanlega er þessi staðall ekki lengur í gildi í þínu landi, sjá IEC 62368-1

26.2 Upplýsingar um vöruöryggi

- ① Haltu heyrnartækinu og aukabúnaði fyrir hleðslu frá hita og sólarljósi (skildu þau aldrei eftir nálægt glugga eða í bil).
Notaðu aldrei örbylgjuofn eða önnur hitunartæki til að þurrka heyrnartækin eða aukabúnað (vegna hættu á eldsvoða eða sprengingu). Hafðu samband við heyrnarsérfræðing til að fá upplýsingar um réttar aðferðir við þurrkun.
- ① Ekki má setja heyrnartækin eða aukabúnað fyrir hleðslu nálægt yfirborði spaneldavéla. Leiðandi hlutir innan í hleðsluaukabúnaði geta dregið til sín spanorku sem leiðir til eyðileggingar af völdum hita.
- ① Skipta ætti um kúpla á þriggja mánaða fresti eða þegar þeir verða stífir eða stökkir viðkomu. Þetta er til að koma í veg fyrir að kúpull losni frá enda slöngunnar þegar hún er sett í eyrað eða tekin úr því.

- ① Ekki láta heyrnartækið eða hleðslubúnaðinn detta á gólf! Fall á hart yfirborð getur skemmt heyrnartækin eða hleðsluaukabúnaðinn.
- ① Verja skal hleðslutækið og aflgjafann fyrir höggum. Ef hleðslutækið eða aflgjafinn verða fyrir höggskemmdum má ekki nota tækin áfram.
- ① Ef heyrnartækin eru ekki notuð í lengri tíma skal geyma þau í öskju með þurrkhylki eða á vel loftræstum stað. Þannig getur raki gufað upp af heyrnartækjunum og komið í veg fyrir hugsanleg áhrif á virkni þeirra.

① Tilteknar rannsóknir hjá læknum eða tannlæknum, þar á meðal með geislun eins og lýst er að neðan, gætu haft neikvæð áhrif á virkni heyrnartækjanna. Fjarlægðu tækin og geymdu þau fyrir utan herbergi/svæði þar sem eftirfarandi rannsóknir fara fram:

- Læknis- eða tannlæknisskoðun með röntgenmyndatöku (einnig sneiðmyndataka).
- Læknisskoðun með segulómun (MRI/NMRI) þar sem rafsegulsvið myndast.

Ekki þarf að fjarlægja heyrnartæki þegar farið er í gegnum öryggishlið (t.d. á flugvöllum). Ef einhver röntgentækni er notuð er það í mjög litlu magni og mun ekki hafa áhrif á heyrnartækin.

① Heyrnartækin verða að vera þurr þegar þau eru hlaðin. Að öðrum kosti er ekki hægt að ábyrgjast að hleðsla takist.

① Notaðu eingöngu samþykka hleðslutækið sem lýst er í þessari notendahandbók til að hlaða heyrnartækin annars geta heyrnartækin skemmst.

- ① Eftir notkun er nauðsynlegt að þerra heyrnartækið að fullu. Geymdu heyrnartækið á öruggum, þurrum og hreinum stað.
- ① Heyrnartækin eru vatnspolin en ekki vatnsheld. Þau eru hönnuð til að þola notkun við hefðbundnar athafnir og óhætt ætti að vera að nota þau einstaka sinnum við erfið skilyrði. Láttu heyrnartækin aldrei í vatn! Phonak-heyrnartæki eru ekki sérstaklega hönnuð til að vera reglulega undir vatnsyfirborði í lengri tíma, þ.e.a.s. notuð við athafnir eins og sund og baðferðir. Ávallt skal fjarlægja heyrnartækið fyrir slíkar athafnir, þar sem tækið inniheldur viðkvæman rafbúnað. Ekki má þvo hljóðnemainntökin. Við það kynni tækið að glata sérstökum hljóðmeiginleikum sínum.
- ① Ekki nota heyrnartækið eða hleðslutækið á svæðum þar sem rafeindabúnaður er óheimill.

Heyrnarsérfræðingurinn þinn:



Sonova Deutschland GmbH

Max-Eyth-Strasse 20

70736 Fellbach-Oeffingen

Þýskaland



Framleiðandi:

Sonova AG

Laubisrütistrasse 28

CH-8712 Stäfa

Sviss

www.phonak.com

029-1200-97/V1.02/2022-05/NLG © 2022 Sonova AG All rights reserved

sonova
HEAR THE WORLD

